



Nefndasvið Alþingis  
Fjárlaganefnd  
b/t. nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

16. nóvember 2023

## Efni: Umsögn um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2024 (1. mál)

Ung norræn - ungmennadeild Norræna félagsins hefur það að marki að stuðla að virkri þátttöku ungs fólks á Íslandi í norrænu samstarfi. Þar á meðal með vitundavakningu um kosti norræns samstarfs, vekja athygli á norrænni menningu og tala fyrir heildarendurskoðun á dönskukennslu á Íslandi. Telur félagið það mikið hagsmunamál ungs fólks á Íslandi að það hafi sem greiðastan aðgang að þeim tækifærum sem þeim bjóðast á öðrum Norðurlöndum, líkt og menningu, atvinnu og fjármagni. Feli þau tækifæri í sér mikil verðmæti fyrir einstaklinga jafnt sem samfélagsins í heild.

Vill Ung norræn vekja athygli fjárlaganefndar á að kostur félagsins til stuðnings og fjármögnunar við sín störf sé í raun ekki til staðar. Þrátt fyrir að félaginu standi til boða að sækja í Æskulýðssjóð eða aðra norræna eða evrópska sjóði fyrir einstaka verkefnum, þá fylgir umsóknum og verkefnastjórnun vinna og skuldbindingar sem erfitt sé að setja alfarið á herðar sjálfboðaliða í öllu falli. Þá geti einstaka verkefnastyrkir ekki tryggt samfellu í starfi félagsins sem sé nauðsynlegt til að viðhalda stofnanaminni og framþróun félagsins til framtíðar. Sé þetta miður og í berhöggi við það umhverfi sem sambærileg félög búa við á öðrum Norðurlöndum.

Systurfélögum Ung norræn á öðrum Norðurlöndum standa til boða bæði verkefna- og rekstrarstyrkir í gegnum aðild þeirra að Landssambandi ungmennafélaga (e. *National Youth Council*) síns lands. En þar eru landssamböndin full fjármögnuð í gegnum opinbera styrki auk hlutdeildar í getraunastarfsemi og get því stutt aðildarfélög sín bæði faglega og fjárhagslega. Hörmum við að sama umhverfi sé ekki til staðar á Íslandi, þar sem Landssamband ungmennafélaga (LUF), sem Ung norræn er fullur aðili að, sé ekki fjármagnað í samræmi við hlutverk þess og rekstrargrundvöllur þess með engu móti tryggður.

Tekur því Ung norræn heilshugar undir innsendar athugasemdir, umsögn og beiðni Landssambands ungmennafélaga (LUF) til fjárlaganefndar er varðar frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2024.

Virðingarfyllst f.h. Ung norræn,

Viktor Lorange, formaður